VEGAGERÐIN

# Framkvæmdafréttir

5. tbl. /10



*Eyjafjarðarbraut vestri. Unnið í vegfláa. Verktaki við undirvinnu er G.V. Gröfur ehf. , Akureyri. Árni Helgason ehf. sér um bikfestun.*

## Eyjafjarðarbraut vestri (821), Litli Hvammur – Hrafnagil

Nú er unnið að endurbótum og styrkingu vegar á Eyjarfjarðarbraut vestri frá Litla Hvammi og inn undir Hrafnagil á um 6,6 km kafla. Vegkaflinn er í sveitarfélaginu Eyjafjarðarsveit í Eyjafjarðarsýslu og liggur um lönd jarðanna Litla Hvamms, Hvamms, Vagla, Ytra Gils, Syðra Gils, Teigs, Reykhúsa 3, Kristness og Kropps.

Núverandi vegur er um 7-8 m breiður með bundnu slitlagi en með skert burðarþol. Yfirborð er ójafnt og skemmt. Afvötnun vegsvæðis er ábótavant. Bleytur og vatnsuppistöður eru víða það djúpar að hætta getur stafað af í bleytutíð og leysingum. Skeringar og fláar með vegi eru víða of brattir og vegur liggur víða of nærri Eyjafjarðará þannig að umferðaröryggi vegfarenda er ábótavant. Víðast er vel gróið meðfram vegi og jafnvel nær trjágróður alveg að akbraut.

Endurbæta og styrkja á núverandi veg og bæta þar umferðaröryggi. Helstu þættir framkvæmdarinnar eru:

- Bætt afvötnun vegar og nánasta umhverfis með því að hreinsa upp úr og lagfæra vegrásir og vegskurði ásamt því að fjölga ræsum og lengja þau sem fyrir eru. Trjágróður í vegköntum og næst þeim verður fjarlægður og hreinsað lífrænt efni úr vegköntum þar sem það á við. Þar sem vegrásir eru dýpstar verður fyllt í botn þeirra.
- Vegurinn verður breikkaður í 8 m þar sem þörf er, styrktur og brattir vegfláar næst Eyjafjarðará lagaðir.
- Sett verða vegrið á um 3 km þar sem Eyjafjarðará liggur næst vegi og gert um 11 m breitt öryggissvæði á nokkrum stöðum þar sem áin fer of nærri vegi.

Tengingar að býlum verða lagfærðar næst vegamótum og lögð þar klæðing. Aðrar tengingar að túnum og svæðum sem nýtt eru verða áfram. Athugað verður hvort hægt sé að leggja af óþarfa tengingar við vegslóða til að bæta umferðaröryggi. Vegsvæðið verður óbreytt, 40 m breitt ■

**Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 5. tbl. 18. árg. nr. 537 12. apríl 2010**

Ritstjórn og umsjón útgáfu: **Viktor Arnar Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður: **Gunnar Gunnarsson**
Prentun: **Oddi**

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin**
**Framkvæmdafréttir**
**Borgartúni 7**
**105 Reykjavík**
eða með tölvupósti til:
**vai@vegagerdin.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaefni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Útáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar. og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

## Niðurstöður útboða

### Hringvegur (1), Jökulsá á Breiðamerkursandi, rofvörn farvegar 10-017

Tilboð opnuð 23. mars 2010. Endurgerð og styrkingar á rofvörn í farvegi Jökulsár á Breiðamerkursandi.

Helstu magntölur eru:

Grjótvörn . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 8.000 m³
Grjót á lager . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 2.000 m³

Verki skal að fullu lokið 15. júní 2010.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 41.900.000 | 100,0 | 20.700 |
| 17 | Bíladrangur ehf., Vík | 39.221.100 | 93,6 | 18.021 |
| 16 | Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf, Selfossi | 38.888.000 | 92,8 | 17.688 |
| 15 | Óskaverk ehf., Kópavogi | 38.778.000 | 92,5 | 17.578 |
| 14 | Jónsmenn ehf., Egilsstöðum | 37.976.800 | 90,6 | 16.777 |
| 13 | Norðurtak ehf., Sauðárkróki | 37.191.000 | 88,8 | 15.991 |
| 12 | SG. vélar ehf., Djúpavogi og Ólafur Halldórsson, Höfn | 35.458.000 | 84,6 | 14.258 |
| 11 | Víðimelsbræður ehf., Sauðárkróki | 34.000.000 | 81,1 | 12.800 |
| 10 | Þ.S. verktakar ehf., Egilsstöðum | 33.472.764 | 79,9 | 12.273 |
| 9 | Jökulfell ehf., Reykjavík | 28.970.000 | 69,1 | 7.770 |
| 8 | Suðurverk hf., Hafnarfirði | 28.700.000 | 68,5 | 7.500 |
| 7 | Ísgröfur ehf., Flúðum | 27.499.400 | 65,6 | 6.299 |
| 6 | KNH ehf., Ísafirði | 27.277.000 | 65,1 | 6.077 |
| 5 | Þjótandi ehf., Hellu | 25.888.000 | 61,8 | 4.688 |
| 4 | Framrás ehf., Vík | 25.420.000 | 60,7 | 4.220 |
| 3 | Arnarverk ehf., Kópavogi | 24.620.000 | 58,8 | 3.420 |
| 2 | Myllan ehf., Egilsstöðum | 24.000.000 | 57,3 | 2.800 |
| 1 | Skoðun ehf., Hafnarfirði | 21.200.000 | 50,6 | 0 |

### Hringvegur (1), tvöföldun 09-007
### Hafravatnsvegur – Þingvallavegur

Tilboð opnuð 7. apríl 2010. Tvöföldun Hringvegar (1) milli Hafravatnsvegar og Þingvallavegar. Í verkinu felst auk þess stækkun hringtorgs við Álafossveg, lenging undirganga fyrir göngu-, hjólreiða- og reiðfólk við Varmá, lenging stálbogaundirganga fyrir göngu- og hjólreiðafólk í Ullarnesbrekku, breikkun brúar yfir Varmá, gerð reið-, göngu- og hjólreiðastíga meðfram Hringvegi (1) ásamt gerð hljóðmana austan Vesturlandsvegar.

Verkið er samstarfsverkefni Vegagerðarinnar og Mosfellsbæjar.

Helstu magntölur eru:

Veghluti
Skering í laus jarðlög . . . . . . . . . . . . . . 36.000 m³
Fláafleygar og manir . . . . . . . . . . . . . . 23.000 m³
Fyllingarefni úr námum . . . . . . . . . . . . 15.300 m³
Neðra burðarlag . . . . . . . . . . . . . . . . . 12.000 m³
Efra burðarlag . . . . . . . . . . . . . . . . . . 3.500 m³
Malbik . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 36.000 m²
Steypt mannvirki
Mótafletir . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 800 m²
Steypustyrktarjárn . . . . . . . . . . . . . . . . 29.000 kg
Steinsteypa . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 220 m³
Undirgöng
Heitgalvaniseraðar plötur . . . . . . . . . . . 7.840 kg

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 30. september 2011.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 10 | Þróttur ehf., Akranesi | 364.601.915 | 107,6 | 107.661 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 339.000.000 | 100,0 | 82.059 |
| 9 | Suðurverk hf., Hafnarfirði | 333.359.819 | 98,3 | 76.419 |
| 8 | Vélaleiga AÞ ehf., Reykjanesbæ | 314.047.420 | 92,6 | 57.106 |
| 7 | Verktakar Magni ehf., Kópavogi | 304.557.160 | 89,8 | 47.616 |
| 6 | Ístak hf., Reykjavík | 290.929.849 | 85,8 | 33.989 |
| 5 | Borgarverk ehf., Borgarnesi | 273.563.000 | 80,7 | 16.622 |
| 4 | Arnarverk ehf., Kópavogi | 272.638.110 | 80,4 | 15.697 |
| 3 | Háfell ehf., Reykjavík | 258.600.723 | 76,3 | 1.659 |
| 2 | Loftorka Reykjavík ehf., Garðabæ | 257.214.360 | 75,9 | 273 |
| 1 | Íslenskir aðalverktakar hf., Reykjavík | 256.941.260 | 75,8 | 0 |

## Minni umferð 2010 þrátt fyrir aukningu í mars

(Þessi frétt birtist á vegagerdin.is 07.04.2010)

Umferðin einsog hún er mæld á 16 völdum vegarköflum á Hringvegi var nokkuð meiri í marsmánuði 2010 en hún var í mars í fyrra. Sú aukning dugir þó ekki til að breyta því að umferðin fyrstu þrjá mánuði ársins er nokkuð minni en fyrstu þrjá mánuði ársins 2009. Sjá línurit á síðunni til hægri.

Páskar skekkja samanburðinn á milli ára fyrri hluta árs en telja má að til dæmis hafi umferð aukist vegna gossins á Fimmvörðuhálsi.

Athygli vekur mikil aukning aksturs milli marsmánaða 2010 og 2009 á Norður- og Austurlandi. Hugsanleg skýring fyrir Norðurland eru skíðaferðir en ferðir að gosinu að austan því akstur eykst um tæp 30 prósent milli mánaða á Hvalsnesi í Lóni. Páskaumferðin gæti verið að spila þarna inn í þar sem páskarnir voru snemma í apríl í ár og umferð þeirra vegna að einhverju leiti hafin í lok mars en það kemur þá jafnt fram á öllum stöðum.

Samanlagður akstur á öllum teljurum gefur rúmlega 4 prósenta hækkun og kann það að skýrast af gosinu í Fimmvörðuhálsi samanber hækkun á Suðurlandi, Páskarnir snemma í apríl í ár þ.a.l. lendir einhver páskaumferð í mars og síðan aukin aðsókn á skíðasvæðið í Hlíðarfjalli ■



*Opnun tilboða í fundarsal Vegagerðarinnar í Borgartúni 7 þann 7. apríl sl.*

## Yfirborðsmerkingar 2010-2012, vegmálun 10-010

Tilboð opnuð 7. apríl 2010. „Yfirborðsmerkingar 2010 - 2012, vegmálun“.
Helstu magntölur eru:
Málaðar akreinalínur . . . . . . . . . . . . . . 3.000.000 m
Málaðar markalínur . . . . . . . . . . . . . . . 1.800.000 m
Flutningur vinnuflokks . . . . . . . . . . . . . 2.400 km
Verki skal að fullu lokið 1. september 2012.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 62.650.000 | 100,0 | 16.690 |
| 4 | KTF byggingavörur ehf., Reykjavík | 59.890.000 | 95,6 | 13.930 |
| 3 | Veg-Verk ehf., Kópavogi | 56.520.000 | 90,2 | 10.560 |
| 2 | SG málun ehf., Reykjavík | 52.215.000 | 83,3 | 6.255 |
| 1 | Vegmálun ehf., Kópavogi | 45.960.000 | 73,4 | 0 |

# Auglýsingar útboða

## Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2010, blettir 10-008

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með klæðingu (blettir) á Norðvestursvæði árið 2010.
Helstu magntölur:
Blettir (K1), útlögn . . . . . . . . . . . . . . . 180.000 $m^2$
Hjólfarafylling, (K1), útlögn . . . . . . . 20.000 $m^2$
Verklok eru 1. september 2010.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 12. apríl 2010. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl 14:00 þriðjudaginn 27. apríl 2010 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



# Bundið slitlag í árslok 2009

Leiðrétting á korti
sem birtist í 3. tbl.




Bundið slitlag lagt 2009
Bundið slitlag í lok árs 2008
Þjóðvegir með malarslitlagi

## Viðhorfskönnun Capacent Gallup um Vegagerðina og þjóðvegi, vetur 2010

Tvisvar á ári gerir Capacent Gallup könnun um viðhorf landsmanna til þjóðveganna. Könnunin er gerð sumar og vetur fyrir Vegagerðina.

Könnunin var gerð 24. febrúar til 2. mars 2010 og var þetta net- og símakönnun. Úrtakið var 1.169 manns á öllu landinu, 16 ára og eldri, handahófsvalið úr viðhorfahópi Capacent Gallup. Fjöldi svarenda 868. Svarhlutfall 74,3%.

Hér eru birtar helstu niðurstöður.

Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart Vegagerðinni?




Hvað af eftirtöldu viltu helst bæta á þjóðvegum landsins að vetrarlagi?




Myndir þú segja að þú værir örugg(ur) eða óörugg(ur) þegar þú ekur um þjóðvegi landsins?












Finnst þér kantstikur og yfirborðs-merkingar, þ.e.málun vera full-nægjandi eða ófullnægjandi á þjóðvegum landsins?




Þróun

Hefur þú á síðastliðnum 12 mánuðum notað síma, textavarp, tölvupóst, heimasíðu Vegagerðarinnar (Internet) eða aðra leið til að leita upplýsinga hjá Vegagerðinni?




Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varstu með símsvörunina hjá Vegagerðinni?

Þróun

Þeir sem sögðust hafa notað síma til að leita upplýsinga hjá Vegagerðinni voru spurðir þessarar spurningar




Finnst hálkuvarnir á þjóðvegum landsins vera fullnægjandi eða ófullnægjandi?




Finnst þér merkingar, þar sem vinna fer fram við vegi vera fullnægjandi eða ófullnægjandi?

Þróun




Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með sjómokstur á þjóðvegum?



# Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust.
Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.
Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar.
Rautt númer = nýtt á lista

| Fyrirhuguð útboð | Auglýst: dagur, mánuður, ár |
|---|---|
| 09-035 Kringlumýrarbraut (40), rampi og undirgöng við Bústaðaveg | 10 |
| 10-042 Yfirlagnir á Norðaustur-svæði 2010, norðurhluti, klæðing | 10 |
| 10-003 Vetrarþjónusta 2010 - 2014, Rangárvallasýsla og Flói | 10 |
| 10-005 Yfirlagnir á Suðursvæði 2010, malbik | 10 |
| 10-016 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2010, malbik | 10 |
| 10-018 Hringvegur (1) um Fjarðará í Lóni | 10 |
| 10-004 Yfirlagnir á Suðursvæði 2010, klæðing | 10 |
| 10-007 Styrkingar á Suðursvæði 2010 | 10 |
| 10-032 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hellissandur - Fróðárheiði - Breiðavík | 10 |
| 10-014 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2010, Vestfirðir | 10 |
| 10-031 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Borgarnes - göng, Akrafjallsvegur og Hvalfjörður | 10 |
| 10-011 Festun og yfirlögn á Norðvestursvæði 2010 | 10 |
| 10-029 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur(1), Djúpivogur - Höfn | 10 |
| 10-023 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Norðausturvegur(85), Raufarhöfn - Fell | 10 |
| 10-024 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Bakkafjörður og Vopnafjörður | 10 |
| 10-025 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, vegir á Fljótsdalshéraði | 10 |
| 10-021 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Norðausturvegur (85), Lón - Raufarhafnarafleggjari | 10 |
| 10-026 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Norðfjarðarvegur | 10 |
| 10-022 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur(1), Einarsstaðir - Biskupsháls | 10 |
| 10-028 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur(1), Breiðdalsvík - Djúpivogur | 10 |
| 10-019 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Eyjafjörður að vestan | 10 |
| 10-020 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Norðausturvegur (85), Kross - Lón í Kelduhverfi | 10 |

| Fyrirhuguð útboð, framhald | Auglýst: |
|---|---|
| 10-030 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur(1), Höfn- Skeiðarársandur | 10 |
| 10-027 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Suðurfjarðavegur, Fáskrúðsfjarðargöng - Breiðdalur | 10 |
| 10-036 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Siglufjarðarvegur | 10 |
| 10-001 Sumarþjónusta á Suðursvæði 2010, heflun | 10 |
| 10-013 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2010, Norðurland vestra | 10 |
| 10-012 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2010, Vesturland | 10 |
| 10-002 Sumarþjónusta á Suðursvæði 2010, sópun og grassláttur | 10 |
| 10-006 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2010 | 10 |
| 10-035 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur(1), Brú - Blönduós | 10 |
| 10-034 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Innstrandavegur, Brú - Guðlaugsvík | 10 |
| 10-037 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2010, malbik | 10 |
| 10-039 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Djúpvegur, Vestfjarðavegur í Reykhólasveit -Reykjanes | 10 |
| 10-038 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Djúpvegur, Reykjanes - Bolungarvík | 10 |

| Auglýst útboð | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 10-015 Yfirlagnir á Norðaustur-svæði 2010, austurhluti, klæðing | 12.04.10 | 27.04.10 |
| 10-008 Yfirlagnir á Norðvestur-svæði 2010, blettir | 12.04.10 | 27.04.10 |
| 10-009 Yfirlagnir á Norðvestur-svæði 2010, klæðing | 12.04.10 | 27.04.10 |
| 09-034 Hringvegur (1) - tvöföldun, Fossvellir -Draugahlíðar | 08.03.10 | 20.04.10 |

| Útboð á samningaborði | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 10-010 Yfirborðsmerkingar 2010 -2012, vegmálun | 22.03.10 | 07.04.10 |
| 09-007 Hringvegur (1), tvöföldun Hafravatnsvegur - Þingvallavegur | 15.03.10 | 07.04.10 |
| 10-017 Hringvegur (1), Jökulsá á Breiða-merkursandi, rofvörn farvegar | 08.03.10 | 23.03.10 |

| Hætt við útboð, verk fellt af lista |
|---|
| 10-033 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Vegamót - Borgarnes - Norðurárdalsvegur |

# Auglýsingar útboða

## Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2010, klæðing 10-009

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með klæðingu á Norðvestursvæði árið 2010.

Helstu magntölur:

Yfirlagnir, klæðing (K1), útlögn . . . . . 400.000 $m^2$
Hjólfarafylling, (K1), útlögn . . . . . . . . 150.000 $m^2$

Verklok eru 1. september 2010.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 12. apríl 2010. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl 14:00 þriðjudaginn 27. apríl 2010 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Yfirlagnir Norðaustursvæði 2010, austurhluti, klæðing 10-015

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með klæðingu á austurhluta Norðaustursvæðis.

Helstu magntölur:

Yfirlagnir . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 365.000 $m^2$
Flutningur steinefna. . . . . . . . . . . . . . . 5.300 m
Flutningur bindiefna . . . . . . . . . . . . . . 575 tonn

Verkinu skal að fullu lokið 20. ágúst 2010.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði, Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 12. apríl 2010. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl 14:00 þriðjudaginn 27. apríl 2010 og verða þau opnuð þar kl 14:15 þann dag.